

Minnisblað

Tilvísun:
SRN18010108
Samgönguáætlun
2019-2033

Dags: 28.1.2019

Til: Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: **Tekjur og gjöld vegna bifreiða**

Umhverfis- og samgöngunefnd óskaði eftir minnisblaði frá ráðuneytinu um tekjur og gjöld vegna bifreiða. Nánar tiltekið var óskað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðum og hvernig skiptast þær tekjur almennt? T.d. í bensingjald, vsk. af flutningum og varahlutum.
- Hver eru heildargjöld ríkissjóðs vegna bifreiða og hvernig skiptast þau gjöld? Sem dæmi vegir, viðhald vega, almannatryggingakostnaður, viðbragðsaðilar og eftirlitsaðilar, heilbrigðisþjónusta o.fl.

Rétt er að taka fram að spurningarnar eru mjög umfangsmiklar og erfiðar viðfangs og þá sérstaklega í ljósi þess að tiltækar upplýsingar eru takmarkaðar. Því er ljóst að ekki er unnt að svara spurningunum með nákvæmum hætti. Ráðuneytið hefur nálgast viðfangsefnið þannig að svörin byggji á þeim upplýsingum sem eru til í ráðuneytinu. Hefur verið reynt haga framsetningu með eins skýrum hætti og raunhæft er.

a) *Hverjar eru heildartekjur ríkissjóðs af bifreiðum og hvernig skiptast þær tekjur almennt? T.d. í bensingjald, vsk. af flutningum og varahlutum?*

Tekjur ríkisins af skattlagningu ökutækja og eldsneytis námu samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, eftirfarandi fjárhæðum:

Á verðlagi ársins 2018 (m.kr.)	
Vörugjald á ökutæki	8.950
Almennt vörugjald af bensíni	4.800
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.700
Oliugjald	11.900
Kolefnisgjald af bensíni	1.424
Kolefnisgjald af dísilolíu bifreiða*	1.832
Bifreiðagjald	7.350
Kílómetragjald	1.200
Samtals	45.156

*Áætlun

Upplýsingar um tekjur af virðisaukaskatti af flutningum, varahlutum o.fl. eru ekki til reiðu enda er sá skattur almennur í því samhengi að hann er lagður á nær alla vöru- og þjónustusölu. Tekjurnar eru óháðar söluandlagi hverju sinni og því er ekki unnt að sundurgreina þær með sama hætti og tekjur af skattlagningu ökutækja og eldsneytis. Þá renna tekjur af virðisaukaskatti óskiptar til að fjármagna útgjöld ríkissjóðs almennt óháð viðfangi.

Rétt er að benda á að ef horft er á skattlagningu ökutækja í svo víðu samhengi sem ráða má af spurningunni væri jafnframt rétt að líta til þess að vörugjöld af varahlutum voru felld niður árið 2015. Þá féllu tollar af varahlutum niður árið 2017. Þar sem virðisaukaskattur lagðist á vörugjöld og tolla lækkuðu virðisaukaskattstekjur.

Ársreikningur Samgöngustofu fyrir árið 2018 liggur ekki fyrir. Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir eftirfarandi innheimtu gjalda af bifreiðum (allar tölur í milljónum kr.):

Skráningargjöld ökutækja	525
Umferðaröryggisgjald	170
Leyfis- og eftirlitsgjöld af flutningum á landi	12
Leyfigjöld vegna leigubifreiða	9
Hlut sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans	8
Samtals	724

Einnig er þar tilgreindur liður „Sala vöru og þjónustu“ upp á um 720 milljónir kr. en ekki liggur fyrir hvort og hve stór hluti þeirrar fjárhæðar er vegna bifreiða.

Hér eru ekki teknar saman tekjur sem myndast vegna innheimtu vanrækslugjalds eða sektargreiðslna vegna umferðarlagabrota eða brota á öðrum lögum sem varða umferð á vegum. Mögulega væri unnt að afla þeirra upplýsinga ef rýmri tími væri til stefnu. Óvíst er hins vegar hve nákvæmar þær gætu orðið.

b) *Hver eru heildargjöld ríkissjóðs vegna bifreiða og hvernig skiptast þau gjöld? Sem dæmi vegir, viðhald vega, almannatryggingakostnaður, viðbragðsaðilar og eftirlitsaðilar, heilbrigðisþjónusta o.fl.?*

Upplýsingar um heildarútgjöld ríkisins vegna bifreiða liggja ekki fyrir.

Ýmsir ríkisaðilar koma að ökutækjum og umferð með einum eða öðrum hætti. Af þeim sem hljóta framlög af Samgönguáætlun eru Samgöngustofa, Vegagerðin og Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Allar sinna þessar stofnanir fleiri samgöngumátum en umferð bifreiða og því þarf að aðgreina þann kostnað frá öðrum útgjaldabáttum. Stærstu framlögin renna til Vegagerðarinnar. Sá hluti framlaga til Vegagerðarinnar sem rann beint til vegamála árið 2018 skiptist með eftirfarandi hætti:


Á verðlagi ársins 2018 (m.kr.)	
Þjónusta vega	5.244
Viðhald vega	11.700
Nýframkvæmdir vega	11.712
Samtals	28.656

Lauslega má áætla, miðað við starfsmannafjölda á sviðum Rannsóknarnefndarinnar, að framlög þangað renni nokkuð jafnt til umferðar, siglinga og flugmála.

Hvað varðar útgjöld Samgöngustofu til bifreiðamála má áætla að þær tekjur sem innheimtar eru renni beint til að standa undir þjónustu.

Umtalsverður stjórnunar og umsýslukostnaður sem tengist umferð á vegum með einum eða öðrum hætti fellur til hjá ríkinu. Hann fellur til hjá stofnunum, ráðuneytum og eftirlitsaðilum. Erfitt er að sérgreina þann kostnað því oftast er ekki er vinnan unnin samhliða eða meðfram vinnu tengdri öðrum þáttum og/eða samgöngumátum.

Þá liggja ekki fyrir sundurliðaðar kostnaðartölur vegna umferðar bíla frá öðrum opinberum aðilum, svo sem heilbrigðiskerfi og löggæslustofnunum, dómstólum, almannatryggingakerfinu o.s.frv. Hins vegar er unnt að leggja mat á samfélagslegan kostnað með öðrum hætti. Ýmsar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi í gegnum tíðina með það að markmiði að leggja mat á þann kostnað. Í þeim efnum má benda á tvær nýlegar skýrslur, annarsvegar frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands (2012)¹, og hins vegar skýrslu sem unnin fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar (2014)². Niðurstöður slíkra greininga ber þó ávallt að taka með fyrirvara enda byggja þær mjög á matskenndum þáttum. Sem dæmi má horfa til eftirfarandi myndar úr skýrslunni frá 2014 þar sem bornar eru saman niðurstöður ýmissa greininga sem unnar hafa verið í gengum árin. Þar sést að heildarkostnaður vegna umferðarslysa árið 2013 var metinn á bilinu 10–40 milljarðar kr. eftir þeirri aðferð var beitt við matið.



Mynd 1: Samanburður á niðurstöðum á heildarkostnaði vegna umferðarslysa á Íslandi 1979-2013.

Svo sem sjá má reyndist ekki unnt að verða við beiðni umhverfis- og samgöngunefndar nema að takmörkuðu leyti. Skammur tími var gefinn til verksins og fyrirbyggjandi upplýsingar voru takmarkaðar. Hugsanlega mætti, með aðkomu annarra ráðuneyta og stofnana, afla frekari upplýsinga um þau atriði sem fyrirspurnin nær til. Slíkt tekur tíma og óvist er um árangurinn.

¹ Hagfræðistofnun (2012) – Kostnaður við umferðarslys á Íslandi árið 2009

² Haraldur Sigbórsson og Vilhjálmur Hilmarsson (2014) – Kostnaður umferðarslys